

Sp. 434. Tillaga til þingsályktunar [204. mál]

um endurskoðun laga um félagsheimili og um eflingu félagsheimilasjóðs.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Benedikt Gröndal, Sverrir Hermannsson,
Gunnar Gíslason, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara endurskoðun á gildandi lögum um félagsheimili með það fyrir augum, að félagsheimilasjóður verði eflður og að eðlileg skilyrði heilbrigðs félags- og menningarlífs verði sköpuð í sem flestum byggðarlögum landsins. Jafnframt verði ráðið fram úr þeim vandræðum, sem fjárskortur félagsheimilasjóðs hefur valdið einstökum héruðum. Skal þessari endurskoðun lokið fyrir samkomudag næsta reglulegs Alþingis.

Greinargerð.

Á síðasta Alþingi var sú breyting gerð á lögnum um skemmtanaskatt, að lagt var sérstakt gjald á gesti þeirra veitingahúsa, sem leyfðar eru veitingar áfengra drykkja. Var þetta gert í því skyni að afla aukinna tekna til þeirrar starfsemi og stofnana, er skemmtanaskatturinn rennur til, m. a. félagsheimilasjóðs og Þjóðleikhússins. Var þá gert ráð fyrir, að tekjuauki félagsheimilasjóðs af þessu nýja gjaldi kynni að nema 2—3 millj. kr. á ári.

Ekki er enn þá fullvíst, hvort þessi áætlun muni standast. Hitt er augljóst, að félagsheimilasjóður er enn í tilfinnanlegri fjárþröng og þess alls ómegnugur að gegna hlutverki sínu. Í árslok 1962 voru 77 félagsheimili á úthlutunarskrá hjá sjóðnum. Var 22 þeirra fulllokið, en 55 voru í byggingu. Til þess að sjóðurinn gæti staðið í skilum með 40% byggingarkostnaðar við þessi 77 félagsheimili, skorti hann þá 24 millj. kr. Einstök félagsheimili, sem orðin eru fokheld eða bygging þeirra jafnvel lengra á veg komin, hafa svo til engan stuðning hlotið frá félagsheimilasjóði. Veldur þetta mörgum byggðarlögum miklum erfiðleikum og stendur félagslífi þeirra fyrir þrífum.

Um það þarf ekki að fjölyrða, að félagsheimilasjóður hefur reynzt hin mesta þjóðnytjastofnun. Í skjóli hans hefur risið fjöldi myndarlegra og glæsilegra samkomuhúsa í öllum landshlutum. Í stað gamalla, hrörlegra og allsendis ófullnægjandi húsa hafa verið byggð fögur og aðlaðandi samkomuhús, þar sem leiklist, hljómlist og hvers konar félagslíf fólksins í sveit og við sjó hefur eignast athvarf. Hafa þessi nýju og vistlegu salakynni gerbreytt aðstöðu til félagslegs samstarfs og margvislegrar menningarstarfsemi í fjölda byggðarlaga. Fólkið hefur ekki aðeins átt þess kost að koma þar saman til skemmtunar, félags- og menningarstarfs heima fyrir, heldur hefur það nú fengið heimsóknir beztu listamanna þjóðarinnar á sviði leiklistar og hljómlistar. Jafnvel hin unga Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur getað haldið hljómleika í öllum landshlutum, vegna þess að þar voru risin fögur og rúmgóð félagsheimili.

Öðru hverju hafa heyrzt raddir um það, að félagsheimilin séu gróðrarstía spillingar og upplausnar. Vitanlega er framkoma fólks á samkomum þar misjöfn eins og gerist í skemmtanalífi þjóðarinnar almennt. En óhætt er að fullyrða, að einmitt hin nýju og fallegu félagsheimili, sem byggð hafa verið víðs vegar um land, hafi átt ríkan þátt í að bæta samkomubrag og setja meiri menningarsvip á hinar ýmsu greinar félagslífsins. Aðstaða til löggæzlu og eftirlits er þar og stórum betri en í hinum gömlu og fegurðarsnauðu kumböldum, sem fólkið varð áður að sætta sig við. En vitanlega ber brýna nauðsyn til þess að draga úr óreglu og drykkjuskap á skemmtisamkomum, ekki aðeins í félagsheimilum, heldur og í öðrum samkomuhúsum og veitingastöðum.

Það er skoðun flutningsmanna þessarar tillögu, að stuðla beri að auknum stuðningi við byggingu félagsheimila og heilbriggt félagslíf og menningarlíf fólksins í strjálbýlinu og raunar um land allt. Þess vegna er lagt til, að ríkisstjórnin láti endurskoða löggin um félagsheimili frá 1947 og freisti nýrra leiða til þess að efla félagsheimilasjóð og gera honum kleift að standa við skuldbindingar sínar gagnvart þeim byggðarlögum og samtökum almennings, sem ráðizt hafa í byggingu félagsheimila víðs vegar um land eða hafa slíkar framkvæmdir í undirbúningi.